

Samgöngustefna

Almenna verkfræðistofan vill með samgöngustefnu sinni stuðla að vistvænum ferðamáta starfsmanna bæði á ferðum þeirra til og frá vinnu og í vinnu. Í stefnunni eru einnig sett fram markmið varðandi farartæki í eigu Almennu verkfræðistofunnar og leiðarljós við hönnun og ráðgjafarstörf fyrirtækisins.

Framkvæmd:

Hvatning til starfsmanna

- AV hvetur starfsmenn með ýmsum hætti til að velja vistvæna ferðamáta (gangandi, hjólandi, með Strætó, í samakstri o.s.frv.).
- AV greiðir leigubílakostnað eða lánar bíla fyrirtækisins ef þeir starfsmenn sem ekki koma á einkabíl til vinnu þurfa óvænt að ferðast í einkaerindum á vinnutíma, t.d. vegna veikinda í fjölskyldu.
- AV býður starfsmönnum reglulega upp á fyrirlestur/námskeið um vistakstur.
- AV hyggst bæta aðstöðu fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur á lóð sinni.

Ökutæki AV

- Við endurnýjun á bifreiðum mun AV kaupa vistvæna bíla (t.d. metanbíla, rafmagnsbíla eða tvinnbíla) þegar því verður við komið.
- Bílar AV sem notaðir eru innanbæjar verða ekki á negldum dekkjum.
- AV stefnir að því að bæta nýtingu þeirra bifreiða sem stofan á m.a. með skilvirkara bókunarkerfi. Með því móti má t.d. gefa þeim starfsmönnum sem ferðast mikið vegna vinnunnar möguleika á að koma til og frá vinnu á vistvænan hátt.

Hönnun og ráðgjöf

- AV hefur að leiðarljósi að bæta sífellt þekkingu starfsmanna á umhverfisvænum kostum og að sú þekking verði nýtt við ráðgjöf og hönnun umferðarmannvirkja.


Af hverju setur AV fram samgöngustefnu?

Með því að setja fram skýra stefnu í samgöngumálum og hvetja starfsmenn til að velja vistvæna ferðamáta í ferðum til og frá vinnu og í vinnutengdum ferðum vill AV leggja sitt af mörkum til betri nýtingu náttúruauðlinda.

- Með góðri samgöngustefnu tekur fyrirtækið virkan þátt í að bera samfélagslega ábyrgð í umhverfismálum.
- Með því að hvetja til vistvænni ferðamáta stuðlar fyrirtækið að minni bílaumferð, hljóð- og loftmengun og losun gróðurhúsalofttegunda. Breyttar ferðavenjur geta einnig stuðlað að minni þörf á nýjum umferðarmannvirkjum og þannig haft jákvæð áhrif á byggðamynstur og borgarbrag þar sem land má þá nýta undir annað.
- Samgöngustefnan er hugsuð sem liður í því að efla umhverfisvitund starfsmanna og skilning þeirra á mikilvægi umhverfisverndar.
- Breyttar ferðavenjur verða í mörgum tilvikum til þess að hreyfing eykst og með aukinni hreyfingu verður heilsa starfsmanna betri og veikindadögum fækkar.
- Vistvænni ferðavenjur stuðla einnig að minni loftmengun og þannig minnkar magn heilsuskaðlegra efna eins og ósons og svifryks í umhverfinu.
- Með breyttum ferðavenjum starfsmanna fá viðskiptavinir AV betri aðgang að bílastæðum.

AV mun fylgjast með þróun mála með því að gera könnun á ferðavenjum starfsmanna sinna með reglulegu millibili. Sett verður upp gróft líkan til að meta heildarútblastur CO₂ vegna ferða til og frá vinnu og í vinnu.

Markmiðið er að ná til amk. 15 starfsmanna nú í þessum fyrsta áfangna og minnka þannig magn CO₂ um 20%. Markmið samgöngustefnu verða, með hliðsjón af þátttöku og árangri, endurskoðuð árlega.



Helgi Valdimarsson - Framkvæmdastjóri